

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, Fagrahvatn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að opnu svæði til sérstakra nota er breytt í landbúnaðarsvæði, þ.e. núverandi landbúnaðarsvæði við Fagrahvatn er stækkað um u.þ.b. 0,8 ha og að akvegur verði lagður á mörkum svæðanna.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994 - 2014, Leifsstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin er tvíþætt og varðar landnotkun í landi jarðar Leifsstaða. Annars vegar breytist landnotkun á reit sem er auðkenndur sem svæði D í aðalskipulaginu þannig að í stað þess að þar sé gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum er gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum og einni frístundahúsalóð. Hins vegar breytist landnotkun á svæði merktu skógrækt (U9) þannig að hluti svæðisins verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.